

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

18096001

2022-01-19

Fiskvegur við Barnafoss - frekari umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Í tölvupósti til Skipulagsstofnunar, dags. 17. janúar 2022, veitir Heilbrigðiseftirlit Vesturlands frekari umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð fiskvegjar í jarðgöngum við Barnafoss. Það er álit heilbrigðiseftirlitsins að framkvæmdin sé matsskyld.

Í umsögn segir að í greinargerð framkvæmdaraðila sé aðeins vatnafræðilegar upplýsingar en engar rannsóknir á lífríki árinna. Engar rannsóknir séu til um áhrif sleppinga á laxfiskum ofan við fyrirhuguð göng og því sé ekki unnt að fullyrða að áhrif hafi þegar komið fram.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Vísað er í umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Hvítár og Norðlingafljóts.

Í umsögn sinni bendir heilbrigðiseftirlitið á að ástand Hvítár hafi ekki verið flokkað og langtímamarkmið ekki sett fyrir ána. Hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á ána sé ekki hægt að segja til um nema gerð sé rannsókn á grunnástandi efna og eðlisfræðilegra þátta og líffræðilegra þátta áður en framkvæmdir hefjast. Slíkar rannsóknir geti verið hluti af mati á umhverfisáhrifum. Einnig bendir heilbrigðiseftirlitið á að framkvæmdin nýti vatn og því falli hún undir lög um stjórn vatnamála.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Fiskvegurinn mun nýta vel innan við 1% af rennsli Hvítár á þeim tíma árs sem hann er opinn, en engin nýting á sér stað lengri part ársins. Nýtingin getur á engan hátt talist umfangsmikil og á engan hátt haft neikvæð áhrif á rennsli árinna. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar segir að áhrif framkvæmda á lífríki Hvítár neðan við Barnafoss verði hverfandi og áhrifin vari meðan á framkvæmd stendur. Áhrifin stafi af gruggi frá framkvæmdastað og/eða mengun frá tækjum og vélum sem notaðar eru við framkvæmdirnar. Áætlað er að framkvæmdir við jarðangagerð standa yfir í fjóra mánuði. Að framkvæmdum loknum er engin hætt á að grugg eða önnur mengun berist frá jarðgöngunum. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands veitir leyfi til verksins og hefur því möguleika á að skilyrða framkvæmdir þannig að minnsta hætt sé á að olía frá vinnuvélum geti borist í Hvítá og mun einnig hafa eftirlit með framkvæmdum. Í ljósi óverulegra og tímabundinna áhrifa framkvæmdarinnar verður ekki séð að umhverfismats sé þörf eins og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands leggur til.



Í umsögn sinni bendir heilbrigðiseftirlitið á að ekki eigi að haugsetja jarðefni sem fellur til vegna framkvæmdarinnar. Því þurfi að gera betur grein fyrir hvernig staðið verði að því að koma efninu fyrir í gryfjur í landi Hraunsáss eða Stóra Áss.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Í greinargerð framkvæmdaraðila er átt við að ekki standi til að haugsetja efni á framkvæmdastað heldur verði það flutt í gryfjur sem tiltekna eru. Í viðauka E með greinargerðinni fylgir umboð og yfirlýsing landeiganda að Hraunsási um heimild til framkvæmda á jörðinni.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur nauðsynlegt að áhættumat sé lagt fram enda framkvæmdir á þeim tíma sem mest hættu er á mengun. Til dæmis þurfi að gera grein fyrir hvaða áhrif dráttur á framkvæmdum hefði á verkefnið m.t.t. öryggissjónarmiða. Heilbrigðiseftirlitið telur að fjarlægð athafnasvæðis 30 m sé afar stutt með tilliti til mögulegrar mengunar í ánni og að fjalla þurfi um þetta betur í áhættumati.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Það skal ítrekað hér að einungis óverulegur hluti athafnasvæðis verður í 30 m fjarlægð frá árfarvegi og framkvæmdatími er stuttur en mikilvægt er engu að síður að fyrirbyggja að olía frá vinnuvélum geti borist í ánnu við fyrirhugaða jarðgangagerð. Heilbrigðiseftirliti Vesturlands getur í leyfi sínu krafist viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir vatnsmengun og haft eftirlit með þeim þáttum. Ef ástæða þykir til er ekki útilokað að til grundvallar leyfi liggi mat á áhættu sem fylgi því að framkvæmdir teygist á langinn.

Virðingarfyllst, f.h. framkvæmdaraðila og Verkís hf.

Sigmar A. Steingrímsson

Sigmar Arnar Steingrímsson

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

18096001

2022-01-19

Fiskvegur við Barnafoss - frekari umsögn Náttúrufræðistofnunar

Í tölvupósti frá Skipulagsstofnun, dags. 13. janúar 2022, fylgir frekari umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð fiskvegjar í jarðgöngum við Barnafoss. Varðar umsögnin fyrirhugaða jarðfræðirannsókn, lokunarbúnað og sýnileika inntaksops fiskvegjarins.

Náttúrufræðistofnun segir ljóst að frekari rannsókna á jarðfræði svæðisins sé þörf til að hægt sé að skera úr um hvernig eða hvort mögulegt sé að fara í fyrirhugaða framkvæmd með fiskveg í jarðgöngum. Staðsetning kjarnahola á jarðgangnasvæðinu til að kanna jarðlög liggja ekki fyrir, en útbúa þurfi athafnasvæði eða borplan fyrir bortæki og starfsmenn innan friðlýsta svæðisins og veldur raski á yfirborði. Taka þurfi tillit til umhverfisáhrifa rannsóknarborunar og meta hvort hægt sé að kanna jarðfræði svæðisins á annan hátt. Ekki sé greint frá hvernig staðið verði að því að kanna veikleika í bergi. Náttúrufræðistofnun segir upplýsingar skorti um hvort sjálfvirkur opunarbúnaður (þ.e. lokunarbúnaður) verði rafdrifinn og hvort að leggja þurfi rafstreng að svæðinu.

Þá getur Náttúrufræðistofnun ekki tekið undir að op jarðganga út í Hvítá muni ekki sjást innan friðlandsins því steipt brík verði út á sylluna til að stýra vatnsrennsli um fiskveginn. Þar að auki er gert ráð fyrir að inntaksop verði hulið grjóti og gróðri sem er manngert inngríp innan friðlandsins. Stofnunin segir framkvæmdina muni raska náttúrufari friðlandsins hvort sem það verður sýnilegt eða hulið með manngerðum aðgerðum. Mat á umhverfisáhrifum gefi betra rými til að eyða allri óvissu um áhrif og eðli framkvæmdar og gefur tækifæri til ítarlegri umræðu um tilgang framkvæmdarinnar. Mikið sé í húfi þar sem stærð og gerð friðlýsta svæðisins, og náttúruinmjanna sem þar eru verndaðar, séu þess eðlis að lítið svigrúm er fyrir óvissu eða skekkju í áhrifamati.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Ítrekað er að ekki verður ráðist í jarðgangagerð nema undirbúningsrannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu. Ráðgjafar framkvæmdaraðila við undirbúning framkvæmda eru jarðverkfræðingar Eflu, sbr. viðauka í greinargerð með matsskyldufyrirspurn. Ráðgjöf þeirra er: „Mælt er með að bora 2 kjarnaholur á svæðinu til að staðfesta gæði bergs og legu lagmóta, einnig að kortleggja opnur á yfirborði meðfram farveginum. Þá þarf að skanna og mæla nákvæmlega inn bergvegginn ofan við fyrirhugaða opnun úti farveginum að neðanverðu.“ Önnur kjarnaborholan er fyrirhuguð á ætluðu borstæði þ.e.a.s á göngustíg sem er á svæðinu, en hin verður við göngustíg syðst og austast á svæðinu. Rask á yfirborði verður því alveg óverulegt og tímabundið á manngerðu umhverfi. Kjarnaborunin mun taka í mesta lagi fjóra daga. Spurt er hvort ekki sé hægt að kanna jarðfræði svæðisins á annan hátt. Framangreind ráðgjöf um hvað er gerlegt og hvernig best sé að standa að rannsóknum byggir á mikilli reynslu af hverskyns jarðfræðirannsóknum og jarðvegsframkvæmdum bæði hérlendis og erlendis.

Lokunarbúnaður fiskvegjarins verður ekki tengdur rafmagni um jarðstreng. Rafmagn verður fengið úr neyslurafgeymum sem staðsettir verða í kistu innan jarðgangaops og geymarnir teknir burtu til hleðslu



og geymslu þegar jarðgangaopi er lokað að hausti. Við opið verður einnig sett stýritafla fyrir búnaðinn, u.þ.b. 40x40 cm. Tveir 24v vatnshæðarmælar verða við inntaksop sem fylgjast með breytingum í vatnshæð. Fari vatnsborð í ákveðna stöðu við vatnshæðarnema virkjast 24v rafmótor sem losar læsingu hlerans, en læsingin verður annað hvort splitti sem dregur úr lás eða segull sem losar læsingu hlerans. Búnaðurinn er með gsm sendir sem lætur vita ef loka fer niður og/eða efri mörkum vatnsstöðu sé náð.

Það er miður að Náttúrufræðistofnun geti ekki tekið undir að op jarðganga út í Hvítá muni ekki sjást innan friðlandsins. Frá öllum útsýnispöllum innan friðlandsins sem ætlaðir eru almenningi verður ekki komið auga á fyrirhugaðar framkvæmdir. Gert er ráð fyrir að inntaksop verði hulið grjóti og gróðri til að möguleg ásýnd framkvæmdarinnar verði sem best, en í því felst að landmótun mun hylja mögulega ásýnd árbakkans, reynist þess þörf.

Virðingarfyllst, f.h. framkvæmdaraðila og Verkís hf.

Sigmar Arnar Steingrímsson

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

18096001

2021-12-10

Fiskvegur við Barnafoss - viðbrögð við umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Í bréfi til Skipulagsstofnunar, dags. 8. nóvember 2021, veitir Heilbrigðiseftirlit Vesturlands umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð fiskveggar í jarðgöngum við Barnafoss. Það er álit heilbrigðiseftirlitsins að framkvæmdin sé matsskyld.

Í umsögn segir að áður en framkvæmdir eru gerðar, þar sem áhrifa getur gætt á ám, beri að rannsaka ána m.t.t reglugerðar um varnir gegn mengun vatns (8. gr. reglugerðar nr. 796/1999). Framkvæmdin þurfi að samræmast lögum um stjórn vatnamála. Gera þurfi betur grein fyrir staðsetningu athafnasvæðis s.s. með tilliti til fjarlægðar frá ánni. Ef um nýja vegagerð verði að ræða þurfi efni að koma úr námum sem hafa til þess starfsleyfi.

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem heilbrigðiseftirlitið starfar eftir, er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og koma í veg fyrir eða að draga úr losun og myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið. Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands taka á þeim þáttum sem varða hlutverk eftirlitsins.

Í umsögn heilbrigðiseftirlitsins koma fram atriði er varða áhrif þess að hleypa laxi inn á nýtt búsvæði og áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd svæðisins. Vísað er í viðbrögð framkvæmdaraðili við samsvarandi athugasemdum í umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Rannsóknir

Í umsögn segir að rannsaka þurfi Hvítá m.t.t reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Ekki er ljóst í hverju sú rannsókn á að felast. Reglugerð sem vísað er til gildir um varnir gegn mengun vatns, flokkun vatns, gæðamarkmið og umhverfismörk fyrir vatn. 8. gr. reglugerðarinnar tilgreinir skyldur sveitarstjórna til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi og flokka skuli yfirborðsvatn og grunnvatn. Ekki verður séð að greinin styðji við athugasemd heilbrigðiseftirlitsins um að rannsaka eigi Hvítá áður en til framkvæmda kemur.

Stjórn vatnamála

Í umsögninni kemur fram að framkvæmdin þurfi að samræmast lögum um stjórn vatnamála. Í lögum segir að til að ná markmiðum þeirra skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Fyrsta vatnaáætlun Íslands (2022-2027) er nú í kynningu. Þá er innleiðing Vatnatilskipunarinnar enn skammt á veg komin, m.a. er nú unnið að því að skilgreina líffræðilega- og eðlisefnafræðilega gæðapætti sem nota má við flokkun á vistfræðilegu ástandi straum- og stöðuvatna á Íslandi. Það er ekki raunhæft eða sanngjarnt að framkvæmdaraðili beri framkvæmdina saman við lög um stjórn vatnamála, þegar



forsendur skortir. Á vef stjórnar vatnamála kemur þó fram að Hvítá (vatnshlot 104-210-R) er ekki í hættu samkvæmt eiginleikagreiningu.¹

Athafnasvæði og mengunarhætta

Í umsögn kemur fram að gera þurfi betur grein fyrir staðsetningu athafnasvæðis. Í kafla 7.3.2 í greinargerð með matsskyldufyrirspurn er athafnasvæðinu lýst. Ekki er ljóst af umsögninni hvað skýra þarf betur umfram það sem nefnt er sérstaklega, þ.e. fjarlægð athafnasvæðis frá Hvítá. Á framkvæmdatíma verða vinnuvélar staðsettar á og við borplan, en frá planinu er stysta leið að Hvítá um 30 m, sbr. mynd 7-4 í greinargerð.

Varðandi mögulega mengun í Hvítá vegna framkvæmdarinnar er hættan fyrst og fremst vegna vinnuvéla við jarðgangagerð. Allt efni sem til fellur vegna gangagerðar mun fara um op borplansins og þaðan flutt um bílaplan náttúruvættisins. Í kafla 7.4 í greinargerð er tilgreint hvaða mengunarefni verða meðhöndluð á verkstað og mögulegar mótvægisáðgerðir sem grípa megi til, sem yrðu útfærðar með leyfisveitanda. Áætlað er að framkvæmdir við jarðgangagerðina taki um tvo mánuði og gerð fiskvegar og frágangur að framkvæmdum loknum aðra tvo mánuði. Framkvæmdatími er því stuttur og verður á þeim tíma árs þegar vænta má þess að jörð sé frosin. Mikilvægt er hins vegar að fyrirbyggja að fyrirhuguð jarðgangagerð mengi ána. Heilbrigðiseftirliti Vesturlands getur í starfsleyfi krafist að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir vatnsmengun og haft eftirlit með þeim þáttum.

Á rekstrartíma er gert ráð fyrir að einn til tveir menn sinni viðhaldi fiskvegarins vor og haust og munu þeir ganga að inntaksopi um slóð í landi Hraunsáss. Að hausti verður loka sett fyrir fiskveginn og hún fjarlægð að vori. Lokun um vetur varnar því að ís og klakaflóð komist um fiskveginn og framburður (sandur og mül) setjist þar fyrir. Vetrarlokun lágmarkar því viðhald og þörf á hreinsun fiskvegarins. Framburður, sem kann að hafa safnast fyrir í fiskvegi, er fjarlægður með handskóflu eða honum „smúlað“ niður fiskveginn þegar vatn er sett á fiskveginn eftir vetrarlokun. Í versta tilfelli þyrfti að nota rafknúna háþrýstidælu og hún tengd lítilli færanlegri og létttri rafstöð. Ekki skapast mengunarhætta við hreinsunina.

Vegagerð

Ekki er þörf á vegagerð vegna framkvæmdanna.

Virðingarfyllst, f.h. framkvæmdaraðila og Verkís hf.

Sigmar Arnar Steingrímsson

¹ Vatnshlotið Hvítá á Vatnavefsjá Veðurstofu Íslands sótt þann 11.11.2021 á <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-210-R>

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

18096001

2021-12-10

Fiskvegur við Barnafoss - viðbrögð við umsögn Náttúrufræðistofnunar

Í tölvupósti til Skipulagsstofnunar, dags. 27. október 2021, veitir Náttúrufræðistofnun Íslands umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Það er álit Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin sé matsskyld í ljósi varúðarreglu laga um náttúruvernd og eðli náttúruverndarsvæðisins. Ekki ætti að fara í framkvæmdir af þessum toga ef óvissa er til staðar um áhrif hennar. Í umsögninni eru gerðar athugasemdir sem varða jarðfræði svæðisins, vatnsrennsli um fiskveg og lífríki Norðlingafljóts.

Jarðfræði svæðisins

Náttúrufræðistofnun segir fyrirhugaða jarðgangagerð óafturkræfa framkvæmd og feli í sér mikið risk á berggrunni svæðisins. Ekki sé að fullu ljóst hvernig berggrunnurinn mun reynast til jarðgangagerðar, þá eru alvarlegir óvissuþættir er varðar sprengingu ganganna út í farveg Hvítá. Framkvæmdin gæti haft varanleg áhrif á nánasta umhverfi Barnafoss. Gera þurfi mun betur grein fyrir gerð berggrunnins og framkvæmd jarðgangagerðar.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Á undirbúningsstigi framkvæmdarinnar verða gerðar rannsóknir á berggrunni þar sem jarðgöngin verða grafin. Boraðar verða tvær kjarnaholur á svæðinu til að staðfesta gæði bergs og legu berglagmóta. Einnig verður kannað nánar það svæði þar sem áætlað er að veikleikar séu í berginu, sbr. mynd 8 í viðauka H með greinargerð. Þá verður bergveggurinn ofan við fyrirhugaða opnun út í farveginn mældur nákvæmlega. Ekki verður ráðist í jarðgangagerð nema rannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu.

Jarðgangagerð kallar á að raska þarf berggrunninum en ummerki þess mun ekki sjást á yfirborði landsins. Þar með nánasta umhverfi Barnafoss.

Jarðgöngin eru hönnuð þannig að þau verða aðeins vatnsfyllt að hálfu. Aðferðir til að opna jarðgöng út í virka árfarvegi eru ágætlega þekktar. Göngin verða grafin niður að neðri munna þeirra. Þegar um 15 m eru eftir út í Hvítá verða boraðar könnunarholur til að staðsetja innbyrðis legu jarðganga og bergvegsins utan við. Því næst verður áfram grafið þar til 5-7 m haft er á milli ganga og útveggs. Þá verður svæðið innan við haftið dýpkað til að taka við efni úr haftinu sem eftir er. Að því loknu verða gerð lítil göng út í gegn ofan vatnsborðs og síðan restin af haftinu sprengt. Þegar búið er að opna út í farvegin eru leifar af berghaftinu fleygað og mótað til, þannig að rennsli um farveginn sé hæfilegt, líkt og gert er við aðra laxastiga.

Umhverfisstofnun er leyfisveitandi og mun leggja mat á umsókn um leyfi fyrir framkvæmdinni, þar sem niðurstaða jarðfræðirannsókna mun liggja til grundvallar.



Vatnsrennsli um fiskveg, aðkoma og flóð í Hvítá

Í umsögn segir að útskýra þurfi betur aðrennsli jarðganga sem fari um syllu ofan við Barnafoss og hvernig gert sé ráð fyrir að halda réttu vatnsmagni í inntak jarðganganna. Vísað er í loftmynd sem sýnir sylluna þurra. Einnig þurfi að gera grein fyrir lokum við inntakið og hvernig þeim er komið fyrir. Spurt er hvort t.d. sé gert ráð fyrir einhverskonar aðkomu eða veg að syllunni vegna framkvæmda og hversu sýnilegar lokurnar verði.

Í umsögn segir að búast megi við reglulegum jökulhlaupum í Hvítá á komandi árum. Spurt er hvaða áhrif slík hlaup hafa á fiskveg um jarðgöngin og hvort gert sé ráð fyrir að hægt sé að skola út göngin ef leirefni jökulhlaupa setjast í þau.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Vatnsrennsli um fiskveg

Til að stýra rennsli að fiskveginum verður steipt 3.5 metra löng brík frá efsta þrepi í fiskvegi að vatnsrás á syllu. Bríkin skapar aðfallsrennu að fiskveginum og mesta hæð hennar verður miðuð við vatnsborð í meðal sumarrennsli Hvítár. Fyrirstaða við inntaksop verður notuð til þess að stýra vatnshæð í fiskveginum, sem fengin er með því að raða burðarvið (4"X4") í þar tilgert fals. Vatn sem flýtur yfir fyrirstöðuna myndar rennsli um fiskveginn en umframvatn rennur sína leið frá inntaksopi og eftir syllunni í Hvítá. Með því að hækka fyrirstöðuna enn frekar er lokað fyrir vatnsrennsli um fiskveginn. Á rekstartíma þarf að sinna fiskveginum vor og haust, sem felst m.a. í því að lokan er sett fyrir að hausti en fjarlægð að vori. Aðfallsrenna verður ekki sýnileg frá útsýnispöllum á norður eða suðurbakka Hvítár.

Umhverfi og ásýnd eru þættir sem framkvæmdaraðila er mjög umhugað um. Gert er ráð fyrir að inntaksop verði hulið grjóti og gróðri til að möguleg ásýnd framkvæmdarinnar verði sem best. Mikilvægt er að frágangur á inntaki fiskvegarins verði unninn í nánú samráði við hlutaðeigandi yfirvöld.

Rennsli Hvítár er að jafnaði mikið á þeim árstíma sem fiskvegur verður opinn. Komi til þess að vatn renni ekki um sylluna tímabundið mun fiskur einfaldlega ekki ganga um fiskveginn meðan svo er.

Að hausti verður fiskvegi lokað og vatn tekið af, því ekki er gert ráð fyrir rennsli um hann að vetri til, þegar fiskur er ekki að ganga. Að vori verður fiskvegur opnaður og vatni hleypt á og hann opinn á göngutíma laxfiska frá vori fram á haust. Lokun um vetur varnar því að ís og klakaflóð komist um fiskveginn og framburður (sandur og mül) setjist þar fyrir. Vetrarlokun lágmarkar því viðhald og þörf á hreinsun fiskvegarins. Framburður, sem kann að hafa safnast fyrir í fiskvegi, er fjarlægður með handskóflu eða honum „smúlað“ niður fiskveginn þegar vatn er sett á fiskveginn eftir vetrarlokun. Í versta tilfelli þyrfti að nota rafknúna háprýstidælu og hún tengd lítilli færanlegri og léttri rafstöð. Ekki skapast mengunarhætta við hreinsunina.

Aðkoma

Ekki þarf að gera veg að syllunni vegna framkvæmdanna eða til að sinna fiskvegi á rekstartíma. Gert er ráð fyrir að einn til tveir menn geti sinnt viðhaldi fiskvegarins vor og haust og munu þeir ganga að inntaksopi um slóð í landi Hraunsáss. Því leiðir rekstur fiskvegarins ekki til breytinga á ásýnd svæðisins.

Flóð í Hvítá

Stærsta hlaup Hvítár í manna minnum var 17. ágúst 2020. Um var að ræða jökulhlaup í farveg Svartár undir Hafrafelli, við vesturjaðar Langjökuls, sem barst síðan í farveg Hvítár og með henni niður eftir Borgarfirði. Upptökin voru í lóni við jökulinn, suðaustan Hafrafells, sem hefur verið að myndast frá síðustu aldamótum vegna hörfunar Langjökuls. Hætta er talin á fleiri hlaupum úr lóninu á komandi árum og hefur Veðurstofa Íslands lagt til að lónið verði vaktað.¹

Þegar hlaupið árið 2020 var hvað mest við Barnafoss var tekin mynd af því svæði sem inntak í fiskveginn er ráðgert, sjá mynd 1. Þar má sjá að vatn og aur náði ekki hátt við fyrirhugað inntaksop.

¹ Porsteinn Porsteinnsson, Kristjana G. Eypórsdóttir, Esther Hlíðar Jensen, Ingibjörg Jónsdóttir, Finnur Pálsson, Gunnar Sigurðsson, Andri Gunnarsson, Hlynur Skagfjörð Pálsson, Ragnar H. Prastarson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Matthew J. Roberts (2021). *Jökulhlaup úr Hafrafellslóni við Langjökul*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands, VÍ 2021-001.



Mynd 1 Hvítá við Barnafoss þegar hlaup í ánni þann 17. ágúst 2020 var hvað mest, um kl. 22. Ör vísar á staðsetningu fyrirhugaðs inntaksops fiskvegarins. (Ljósmynd. Stefán Stefánsson)

Við inntak fiskvegarins verður aðfallsrenna sem stýrir vatni á syllunni inn í göngin, en við gangaop verður rennan einnig notuð til að loka göngunum á vetrar- og vortíma. Unnið er að því að útfæra neyðarloku í aðfallsrennuna, sem loka á fiskveginum sjálfvirkt fari vatnsborð við rennuna yfir ákveðna hæð. Því verða fyrir hendi úrræði til þess að forða því að hlaupvatn og aur berist í fiskveginn.

Lífríki Norðlingafljóts

Í umsögn er bent á að laxar hafa ekki gengið upp í Norðlingafljót og að ef af framkvæmdum verður mun það hafa áhrif á núverandi lífríki árinna. Nauðsynlegt sé að kanna betur og leggja mat á mögulega áhættu fyrir t.d. staðbundna urriða- og bleikjustofna en einnig meta hver möguleg áhrif geta verið á annað lífríki í ánum. Það að laxastofninn gæti styrkst á svæðisbundna vísu með því að opna fyrir nýtt búsvæði þarf ekki að þýða að aðgerðin sé að öllu leyti sjálfbær eða jákvæð fyrir vistkerfi Norðlingafljóts. Slíkt þurfi að meta á heildstæðan hátt.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Vísað er í umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina. Hér verður rakið efnislega álit stofnunarinnar um möguleg áhrif þess á vistkerfi Norðlingafljóts að gera ána fiskgenga upp að



Bjarnafossi. Stofnunin bendir á að um allnokkurt skeið var seiðum sleppt í fljótið á þessu svæði og lax fluttur þangað vegna stangveiði. Lax hafi hrygnt á svæðinu og seiði alist þar upp, sem þó hafa ekki átt afturkvæmt í Norðlingafljót eftir sjávardvöl. Áhrif laxa á vistkerfið hafi komið fram nú þegar, að minnsta kosti að hluta til. Gera megi ráð fyrir að áhrif á lífríki Norðlingafljóts neðan Bjarnafoss verði að mestu eða öllu leyti afturkræf, ef fiskveginum yrði lokað síðar. Ofan við Bjarnafoss verði Norðlingafljót án áhrifa frá framkvæmdinni. Það er álit Hafrannsóknastofnunar að umhverfismat á framkvæmdinni muni ekki bæta veigamiklum atriðum við fyrirliggjandi þekkingu.

Óvissa

Náttúrufræðistofnun telur að ýmsa áhrifaþætti framkvæmdarinnar þurfi að kanna betur og að afla þurfi meiri upplýsinga um t.d. jarðfræði svæðisins og stöðugleika og eðli vatnsrennslis. Í ljósi varúðarreglu laga um náttúruvernd og eðli náttúruverndarsvæðisins ætti ekki að fara í framkvæmdir af þessum toga ef óvissa er til staðar um áhrif hennar. Mat á umhverfisáhrifum ætti að geta dregið úr þeirri óvissu.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Í umsögninni eru tilgreind sérstaklega tvö óvissuatriði; jarðfræði svæðisins og stöðugleiki og eðli vatnsrennslis. Eins og jarðfræðingur á vegum framkvæmdaraðila hefur lagt til verða á undirbúningsstigi framkvæmdarinnar gerðar rannsóknir á berggrunni þar sem jarðgöngin verða grafin. Boraðar verða tvær kjarnaholur á svæðinu til að staðfesta gæði bergs og legu berglagmóta. Einnig verður kannað nánar það svæði þar sem áætlað er að veikleikar séu í berginu, sbr. mynd 8 í viðauka H með greinargerð. Þá verður bergveggurinn ofan við fyrirhugaða opnun út í farveginn mældur nákvæmlega. Ekki verður ráðist í jarðgangagerð nema rannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu.

Fiskvegurinn verður opinn á þeim tíma árs sem fiskur gengur um Hvítá, en lokaður á vetrar- og vortíma. Stóran hluta ársins mun fiskvegurinn því ekki nýta rennsli árinna. Í greinargerð kemur fram að rennsli um fiskveginn verði vel innan við 1% af rennsli Hvítár miðað við vetrarrennsli. Á þeim tíma árs sem fiskvegurinn verður opinn er vatn í ánni mun meira en að vetrarlagi. Engin sjáanleg breyting verður því á rennsli Hvítár og því ekki líkur á að jarðmyndanir við Barnafoss raskist vegna framkvæmdarinnar. Jarðmyndanir við Barnafoss og fossinn sjálfur munu því í framtíðinni þróast á sömu forsendum og fram til þessa. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á eðli eða ásýnd Hraunfossa.

Rennsli Hvítár er að jafnaði mikið á þeim árstíma sem fiskvegur verður opinn og fyrirsjáanlegt að stöðuleiki rennslis til fiskvegarins verði fullnægjandi. Ekki er útilokað að tímabundið skapist aðstæður á þann hátt að vatn renni ekki um sylluna til fiskvegarins. Slíkt ástand varðar rekstur fiskvegarins, en er með öllu ótengt rennsli Hvítár um Barnafoss.

Eins og fram hefur komið er það álit Hafrannsóknastofnunar að umhverfismat framkvæmdarinnar muni ekki bæta veigamiklum atriðum við fyrirliggjandi þekkingu um áhrif á lífríki Norðlingafljóts.

Ekki verður ráðist í jarðgangagerð nema undirbúningsrannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu. Framkvæmdaraðili vill hafa náði samráð við Umhverfisstofnun um útfærsla framkvæmdarinnar og frágang að framkvæmdum loknum svo tryggja megi að verndargildi náttúruvættisins rýrni ekki.

Virðingarfyllt, f.h. framkvæmdaraðila og Verkís hf.

Sigmar A. Steingrímsson

Sigmar Arnar Steingrímsson

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

18096001

2021-12-10

Fiskvegur við Barnafoss - viðbrögð við umsögn Umhverfisstofnunar

Í bréfi til Skipulagsstofnunar, dags. 5. nóvember 2021, veitir Umhverfisstofnun umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð fiskvegar í jarðgöngum við Barnafoss. Það er álit Umhverfisstofnunar að framkvæmdin sé líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og að nokkur óvissa ríki um áhrif framkvæmdarinnar á friðlýsta svæðið við Hraunfossa og Barnafoss.

Í umsögninni eru gerðar athugasemdir sem varða friðlýsingu náttúruvættisins Hraunfossar og Barnafoss, aðgæslu- og varúðarskyldu skv. náttúruverndarlögum, bakkagróður, möguleg áhrif aur- og jökulhlaupa, jarðfræði svæðisins, ásjúnd og upplifun gesta náttúruvættisins og lífríki Norðlingafljóts.

Friðlýsingarskilmálar

Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing náttúruvættisins taki bæði til fossanna og nánasta umhverfi þeirra. Þá er bent á markmið náttúruverndarlaga um að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru og tryggja eftir föngum þróun hennar á eigin forsendum. Horfa eigi til langs tíma og með hagsmunum komandi kynslóða í huga og draga eigi úr áhrifum mannsins þannig að náttúran fái að þróast samkvæmt eigin lögmálum.

Umhverfisstofnun bendir á að mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi stofnunarinnar. Rask á jarðmyndunum er óheimilt og beri því að óska eftir undanþágu frá reglum friðlýsingarinnar vegna jarðgangagerðarinnar. Stofnunin veiti aðeins undanþágu að uppfylltum framangreindum skilyrðum.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Tekið er undir að ekki eigi að leyfa framkvæmdir í náttúruvættinu nema tryggt sé eftir föngum að svæðið fái áfram að þróast samkvæmt eigin lögmálum. Ekki verður ráðist í jarðgangagerð nema undirbúningsrannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu.

Ásjúnd Hraunfossar og Barnafoss er megininntak friðlýsingar svæðisins. Úttak fiskvegarins verður með öllu ósjúniligt fólki sem horfir til Hraunfossar. Vatnsmagn í Hvítá sem fer um Barnafoss verður svo til óbreytt þó vatn renni um fiskveginn. Mögulegt er að nýta landmótun við inntaksopið til að verjast því að það sjáist. Að jarðgangagerð lokinni er ólíklegt að ummerki um framkvæmdir verði sjáanleg, hvorki á yfirborði landsins né í rennsli árinna. Forsendur eru til staðar að svæðið fái áfram að þróast samkvæmt eigin lögmálum.

Sérstök vernd

Í umsögn segir að forðast eigi að raska náttúruyfyrirbærum eins og Hraunfossum og Barnafossi og nánasta umhverfi þeirra nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi, þ.e. að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.



Umhverfisstofnun bendir á að bakkagróður njóti verndar og að leitast skuli við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að metin séu áhrif á bakkagróður, bæði á framkvæmda- og rekstartíma.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Rask vegna framkvæmdarinnar verður fyrst og fremst neðanjarðar. Athafnasvæði og borteigur verður staðsettur við gangstíg sem liggur um svæðið og í góðri fjarlægð frá bakka Hvítár. Aðkomuleiðir og athafnasvæði framkvæmdarinnar verða að öllu leyti á göngustígum og öðrum röskuðum svæðum. Vinnuvélar verða staðsettar á og við borplan, en frá planinu er stysta leið að Hvítá um 30 m, sbr. mynd 7-4 í greinargerð. Bakkagróður mun því ekki raskast á framkvæmdatímanum. Á rekstartíma þarf að sinna fiskveginum vor og haust sem einn til tveir starfsmenn sinna og fara fótgangandi til verksins (nánar síðar). Bakkagróður raskast því ekki á rekstartíma fiskvegarins.

Í umsögn segir að brýna nauðsyn þurfi til að raska náttúrufyrirbærum eins og Hraunfossum og Barnafossi. Ítrekað er það sem fram kemur í greinargerð og fylgigögnum hennar að vatnsmiðlun um fiskveginn mun hafa óveruleg áhrif á vatnsrennsli um Barnafoss (sbr. kafla 9.3 í greinargerð) og því ekki líklegt að framkvæmdin raski þeim verðmætum sem tilgreind eru í 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga um að sýn að fossum og nánasta umhverfi þeirra spillist ekki. Því verður ekki séð að það reyni á ákvæði 3. mgr. 61. gr. um brýna nauðsyn.

Aðgæslu- og varúðarskylda

Umhverfisstofnun bendir á meginreglur náttúruverndarlaganna, m.a. varúðarregluna. Sé óvissa um afleiðingar athafna, eða eftir atvikum athafnaleysis, skuli náttúran njóta vafans. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Á undirbúningsstigi framkvæmdarinnar verða gerðar rannsóknir á berggrunni þar sem jarðgöngin verða grafin (nánar síðar). Ekki verður ráðist í jarðgangagerð nema rannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu. Fiskvegurinn verður opinn á þeim tíma árs sem fiskur gengur um Hvítá, en lokaður að vetrarlagi og að vori. Stóran hluta ársins mun fiskvegurinn því ekki nýta rennsli árinna. Í greinargerð kemur fram að rennsli um fiskveginn verði vel innan við 1% af rennsli Hvítár miðað við vetrarrennsli. Á þeim tíma árs sem fiskvegurinn verður opinn er vatn í ánni mun meira en að vetrarlagi. Engin sjáanleg breyting verður því á rennsli Hvítár og því ekki líkur á að jarðmyndanir við Barnafoss raskist vegna framkvæmdarinnar. Jarðmyndanir við Barnafoss og fossinn sjálfur munu því í framtíðinni þróast á sömu forsendum og fram til þessa. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á eðli eða ásýnd Hraunfossa. Ekki verður séð að hætta verði á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum.

Umhverfisstofnun er leyfisveitandi og mun leggja mat á umsókn um leyfi fyrir framkvæmdinni, sem grundvölluð verður á vísindalegri jarðfræðirannsókn. Mikilvægt er að verkið verði unnið í nánú samráði við hlutaðeigandi yfirvöld og undir virku eftirliti þeirra.

Aur- og jökulhlaup

Í umsögn kemur fram að ekki sé fjallað um áhrif flóða á framkvæmdina. Líklegt sé að tíðni flóða í Hvítá aukist vegna aukinnar bráðnunar Langjökuls auk þess sem magn leirs í ánni gæti aukist. Mikilvægt sé að metin séu áhrif flóða á framkvæmdina og sér í lagi aukinna flóða vegna loftslagsbreytinga.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Stærsta hlaup Hvítár í manna minnum var 17. ágúst 2020. Um var að ræða jökulhlaup í farveg Svartár undir Hafrafelli, við vesturjaðar Langjökuls, sem barst síðan í farveg Hvítár og með henni niður eftir Borgarfirði. Upptökin voru í lóni við jökulinn, suðaustan Hafrafells, sem hefur verið að myndast frá



síðustu aldamótum vegna hörfunar Langjökuls. Hætta er talin á fleiri hlaupum úr lóninu á komandi árum og hefur Veðurstofa Íslands lagt til að lónið verði vaktað.¹

Þegar hlaupið árið 2020 var hvað mest við Barnafoss var tekin mynd af því svæði sem inntak í fiskveginn er ráðgert, sjá mynd 1. Þar má sjá að vatn og aur náði ekki hátt við fyrirhugað inntaksop.



Mynd 1 Hvítá við Barnafoss þegar hlaup í ánni þann 17. ágúst 2020 var hvað mest, um kl. 22. Ör vísar á staðsetningu fyrirhugaðs inntaksops fiskvegarins. (Ljósmynd. Stefán Stefánsson)

Við inntak fiskvegarins verður aðfallsrenna sem stýrir vatni á syllunni inn í göngin, en við gangaop verður rennan einnig notuð til að loka göngunum á vetrar- og vortíma. Unnið er að því að útfæra neyðarloku í aðfallsrennuna, sem loka á fiskveginum sjálfvirkt fari vatnsborð við rennuna yfir ákveðna hæð. Því verða fyrir hendi úrræði til þess að forða því að hlaupvatn og aur berist í fiskveginn.

¹ Þorsteinn Þorsteinsson, Kristjana G. Eyþórsdóttir, Esther Hlíðar Jensen, Ingibjörg Jónsdóttir, Finnur Pálsson, Gunnar Sigurðsson, Andri Gunnarsson, Hlynur Skagfjörð Pálsson, Ragnar H. Þrastarson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Matthew J. Roberts (2021). *Jökulhlaup úr Hafrafellslóni við Langjökul*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands, VÍ 2021-001.



Berglög

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gerðar séu frekari rannsóknir á berglögum á svæðinu til að kanna raunverulega stöðu berglaga. Þá sé nauðsynlegt að gert sé ítarlega grein fyrir því hvernig staðið verði að því að opna jarðgöngin út í farveg Hvítár.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Eins og jarðfræðingur á vegum framkvæmdaraðila hefur lagt til verða á undirbúningsstigi framkvæmdarinnar gerðar rannsóknir á berggrunni þar sem jarðgöngin verða grafin. Boraðar verða tvær kjarnaholur á svæðinu til að staðfesta gæði bergs og legu berglagmóta. Einnig verður kannað nánar það svæði þar sem áætlað er að veikleikar séu í berginu, sbr. mynd 8 í viðauka H með greinargerð. Þá verður bergveggurinn ofan við fyrirhugaða opnun út í farveginn mældur nákvæmlega. Þó að gæði bergs og fjölbreytileiki þess kunni að virka neikvætt, þá er ekkert nýtt við slíka jarðgangagerð, en vissulega er það þannig að gera verður ráð fyrir umtalsverðum styrkingum á bergi í jarðgöngunum. Ekki verður ráðist í jarðgangagerð nema rannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu, sem verður grundvöllur umsóknar til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda.

Jarðgöngin eru hönnuð þannig að þau verða aðeins vatnsfyllt að hálfu. Aðferðir til að opna jarðgöng út í virka árfarvegi eru ágætlega þekktar. Göngin verða grafin niður að neðri munna þeirra. Þegar um 15 m eru eftir út í Hvítá verða boraðar könnunarholur til að staðsetja innbyrðis legu jarðganga og bergveggisins utan við. Því næst verður áfram grafið þar til 5-7 m haft er á milli ganga og útveggs. Þá verður svæðið innan við haftið dýpkað til að taka við efni úr haftinu sem eftir er. Að því loknu verða gerð lítil göng út í gegn ofan vatnsborðs og síðan restin af haftinu sprengt. Þegar búið er að opna út í farveginn eru leifar af berghaftinu fleygað og mótað til, þannig að rennsli um farveginn sé hæfilegt, líkt og gert er við aðra laxastiga.

Ásýnd og upplifun gesta

Í umsögn er rakið að í tilkynningarskýrslu segi að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á ásýnd svæðisins þar sem inntaks- og úttaksop jarðganganna verði ekki sýnileg frá útsýnispöllum. Þó komi fram að mögulega mætti greina inntaksopið frá göngustíg sem leiðir út á útsýnispall en gestir séu ekki endilega með hugann við útsýnið á leið sinni þangað.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gert sé ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á ásýnd svæðisins. Ekki sé nóg að gera ráð fyrir að gestir séu ekki með hugann við útsýnið þegar aðalástæða heimsóknar gesta á svæðið er að virða fyrir sér útsýni. Mikilvægt er að þessu séu gerð greinargóð skil.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Til að stýra rennsli að fiskveginum verður steypt 3.5 metra löng brík frá efsta þrepi í fiskvegi að vatnsrás á syllu. Bríkin skapar aðfallsrennu að fiskveginum og mesta hæð hennar verður miðuð við vatnsborð í meðal sumarrennsli Hvítár. Fyrirstaða við inntaksop verður notuð til þess að stýra vatnshæð í fiskveginum, sem fengin er með því að raða burðarvið (4"X4") í þar tilgert fals. Vatn sem flýtur yfir fyrirstöðuna myndar rennsli um fiskveginn en umframvatn rennur sína leið frá inntaksopi og eftir syllunni í Hvítá. Með því að hækka fyrirstöðuna enn frekar er lokað fyrir vatnsrennsli um fiskveginn. Á rekstrartíma þarf að sinna fiskveginum vor og haust, sem felst m.a. í því að lokan er sett fyrir að hausti en fjarlægð að vori. Aðfallsrenna verður ekki sýnileg frá útsýnispöllum á norður eða suður bakka Hvítár.

Op ganganna verða að mestu undir yfirborði, sbr. mynd 7-8 og 9-3 í greinargerð. Sá hluti opsins sem verður ofan vatnsborðs verður um 7 m² flötur. Umfjöllun um áhrif fiskvegarins á landslag og ásýnd náttúruvættisins byggir á ljósmyndum sem teknar eru frá útsýnisstöðum og með sjónarhorn að áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Auk þess hafa verið gerðar tölvugerðar myndir af inntaki og úttaki fiskvegarins, sbr. mynd 7-8 og 9-3 í greinargerð. Þetta er viðurkennd aðferð í mati á umhverfisáhrifum. Ekki verður séð hverju verði við bætt í frekari umfjöllun um framkvæmdina í umhverfismati.

Í umsögn segir að „[e]kki sé nóg að gera ráð fyrir að gestir séu ekki með hugann við útsýnið þegar aðalástæða heimsóknar gesta á svæðið er að virða fyrir sér útsýni.“ Hér virðist aukaatriði vera gert að aðalatriði. Í greinargerð kemur fram að umferð gesta er bönnuð um norðurbakkann til austurs, sjá



mynd 9-6. Því fá gestir ekki óhindraða sýn á inntaksopið frá bakkanum. Það var þó ekki vilji framkvæmdaraðila að draga úr því að mögulega mætti greina inntaksopið frá göngustígnum. Aðalatriðið er hins vegar það að op fiskvegarins verða ekki sýnileg fólki sem stoppa á útsýnispöllum til að dást að Hraunfossunum og Barnafossi.

Umhverfi og ásýnd eru þættir sem framkvæmdaraðila er mjög umhugað um. Gert er ráð fyrir að inntaksop verði hulið grjóti og gróðri til að möguleg ásýnd framkvæmdarinnar verði sem best. Mikilvægt er að frágangur á inntaki fiskvegarins verði unninn í nánu samráði við hlutaðeigandi yfirvöld.

Vinnutæki og viðhald

Umhverfisstofnun telur ekki skýrt hvernig viðhaldi, hreinsun og vöktun ganganna verði sinnt. Mikilvægt sé að áhrif viðhalds á ásýnd verði metin.

Bent er á að að skv. reglum friðlýsingarinnar er akstur utan vega og merktra slóða óheimill. Landið þar sem fyrirhugað sé að bora jarðgöngin sé blautt og viðkvæmt og ekki vel til þess fallið að bera þung vinnutæki. Mikilvægt sé að metin séu áhrif vinnutækja á svæðið. Stofnunin bendir á að verið er að endurhanna svæðið og legu stíganna.

Æskilegt sé að fjallað sé um hvernig gengið verði frá svæðinu ef hætt verður „rekstri.“

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Viðhald og hreinsun

Að hausti verður fiskvegi lokað og vatn tekið af, því ekki er gert ráð fyrir rennsli um veginn að vetri til, þegar fiskur er ekki að ganga. Að vori verður fiskvegur opnaður og vatni hleypt á og hann opinn á göngutíma laxfiska frá vori fram á haust.

Árstíðarbundin vinna við göng og fiskveg er áætluð að jafnaði einn til tveir dagar að vori og hausti. Áralöng reynsla af fiskvegum bæði í Noregi og á Íslandi staðfestir að viðhald fiskvega er að jafnaði lítið. Lokun um vetur varnar því að ís og klakaflóð komist um fiskveginn og framburður (sandur og mül) setjist þar fyrir. Vetrarlokun lágmarkar því viðhald og þörf á hreinsun fiskvegarins. Framburður, sem kann að hafa safnast fyrir í fiskvegi, er fjarlægður með handskóflu eða honum „smúlað“ niður fiskveginn þegar vatn er sett á fiskveginn eftir vetrarlokun. Í versta tilfalli þyrfti að nota rafknúna háþrýstidælu og hún tengd lítilli færanlegri og léttri rafstöð. Ekki skapast mengunarhætta við hreinsunina.

Samkvæmt almennri reynslu af rekstri jarðganga má gera ráð fyrir að óveruleg þörf verði á viðhaldi jarðganganna, sem fiskvegurinn fer um. Ef þess gerist þörf, verður notuð rafknúin vél til þess að sprauta sementsblöndu á vegg jarðganganna.

Ekki þarf að gera veg að syllunni vegna framkvæmdanna eða til að sinna fiskvegi á rekstartíma. Gert er ráð fyrir að einn til tveir menn geti sinnt viðhaldi fiskvegarins vor og haust og munu þeir ganga að inntaksopi um slóð í landi Hraunsáss. Því leiðir rekstur fiskvegarins ekki til breytinga á ásýnd svæðisins.

Vinnutæki

Vinnuvélar þarf til jarðgangagerðarinnar, sbr. umfjöllun í kafla 7.3.1 í greinargerð. Vinnusvæði framkvæmdarinnar verður við göngustíg og innan þess svæðis sem helgað er umferð ferðamanna. Ekki verður um utanvegaakstur að ræða. Framkvæmdatími verður um hávetur þegar frost er í jörðu. Því er ólíklegt að vinnusvæðið sé blautt þegar jarðgangavinna stendur yfir og efnisflutningar þeim fylgjandi. Eðli málsins samkvæmt yrði framkvæmdin og frágangur að henni lokinni skipulögð í nánu samstarfi við Umhverfisstofnun.

Frágangur fiskvegar ef rekstri verður hætt

Ef hætt verður að nota fiskveginn yrði hlaðið fyrir op jarðganganna.



Niðurstaða Umhverfisstofnunar

Í umsögn segir að stofnunin telji líkur á að framkvæmdin geti haft áhrif á ásýnd svæðisins, jarðveg vegna umferðar vinnutækja, lífríki, upplifun gesta og geti þ.a.l. rýrt verndargildi náttúruvættisins. Framkvæmdin sé líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og að nokkur óvissa ríki um áhrif framkvæmdarinnar á friðlýsta svæðið við Hraunfossa og Barnafoss. Stofnunin telur því að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Viðbrögð framkvæmdaraðila

Samkvæmt umsögninni eru umtalsverð umhverfisáhrif talin felast í áhrifum framkvæmdarinnar á ásýnd svæðisins, jarðveg vegna umferðar vinnutækja, lífríki og upplifun gesta.

- Fram hefur komið að athafnasvæði vegna jarðgangagerðar verður á svæði sem er skipulagt fyrir umferð ferðamanna og framkvæmdatími verður um hávetur þegar frost er í jörðu. Ekki er um óraskað svæði að ræða en ólíklegt er að vinnutæki hafi umtalsverð áhrif á jarðveg. Áhrifin eru tímabundin og vandaður frágangur mun gera þau afturkræf.
- Bakkagróður (lífríki) ætti ekki að raskast á framkvæmda- eða rekstartíma. Fram hefur komið að vinnusvæði vegna jarðgangagerðar verður fjarri bakka Hvítár. Rekstur fiskvegarins er einfaldur og felur í sér að einn eða tveir menn, fótgangandi, sinna honum vor og haust.
- Neikvæð upplifun gesta ætti að vera óveruleg. Framkvæmdatími verður um hávetur þegar ferðamannastraumur um svæðið er lítill og verki verður hagað þannig að unnið verður á kvöldin og að næturlagi. Áhrif á upplifun gesta verða tímabundin. Á rekstartíma munu gestir horfa til Hraunfossa án þess að úttak jarðganga sjáist og inntak þeirra verður ekki sýnilegt frá útsýnistöðum á suðurbakka árinna, gegnt Barnafossi. Gert er ráð fyrir að inntaksop verði hulið grjóti og gróðri til að ásýnd framkvæmdarinnar verði sem best. Ekki verður merkjanleg breyting á rennsli Hvítár um Barnafoss.

Ekki verður ráðist í jarðgangagerð nema undirbúningsrannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu. Framkvæmdaraðili vill hafa náið samráð við Umhverfisstofnun um útfærsla framkvæmdarinnar og frágang að framkvæmdum loknum svo tryggja megi að verndargildi náttúruvættisins rýrni ekki.

Virðingarfyllt, f.h. framkvæmdaraðila og Verkís hf.

Sigmar Arnar Steingrímsson